

Þá segir hann:

„Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?“

„Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina,“
segir hún.

Síðan segir hún við hárið:

„Legg ég á og mæli ég um að þú verðir að svo stóru fjalli
sem enginn kemst yfir nema fuglinn fljúgandi.“

Varð þá hárið að svo háu fjalli að karlsson
sá ekki nema upp í heiðan himininn.

Þegar skessan kemur að fjallinu, segir hún:

„Ekki skal þér þetta duga, strákur. Sæktu stóra
borjárnið hans föður míns, stelpa!“ segir hún við minni
skessuna. Stelpan fer og kemur með borjárnið.

Borar þá skessan gat á fjallið en varð of bráð á sér
þegar hún sá í gegn og trúð sér inn í gatið, en það var
of þröngt svo hún stóð þar föst og varð loks að steini í
gatinu og þar er hún enn. En karlsson komst heim með
Búkollu sína og urðu karl og kerling því ósköp fegin.

Úr Þjóðsögum Jóns Árnasonar.



Einu sinni var karl og kerling í koti sínu. Þau áttu einn
son en þótti ekkert vænt um hann. Ekki voru fleiri
menn en þau þrjú í kotinu. Eina kú áttu þau karl og
kerling. Það voru allar skepnurnar. Kýrin hét Búkolla.

Einu sinni bar kýrin og sat kerlingin sjálf yfir henni.
Þegar kýrin var borin og heil orðin hljóp kerling inn í
bæinn. Skömmu seinna kom hún út aftur til að vitja um
kúna. En þá var hún horfin. Fara þau nú bæði karlinn
og kerlingin að leita kýrinnar og leituðu víða og lengi en
komu jafnær aftur. Voru þau þá stygg í skapi og skipuðu
stráknum að fara og koma ekki fyrir sín augu aftur fyrr
en hann kæmi með kúna. Þjuggu þau strák út með nesti
og nýja skó og nú lagði hann af stað eitthvað út í bláinn.

Hann gekk lengi, lengi þangað til hann settist
niður og fór að éta. Þá segir hann:

„Baulaðu nú, Búkolla mín,
ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“

Heyrir hann þá að kýrin baular langt, langt í burtu.

Gengur karlsson enn lengi, lengi. Sest hann
þá enn niður til að éta og segir:

„Baulaðu nú, Búkolla mín,
ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“

Þá heyrir hann að Búkolla baular dálítið nær en í fyrra sinn. Enn gengur karlsson lengi, lengi, þangað til hann kemur fram á fjarska háa hamra. Þar sest hann niður til að éta og segir um leið:

„Baulaðu nú, Búkolla mín,
ef þú ert nokkurs staðar á lífi.“

Þá heyrir hann að kýrin baular undir fótum sér.

Hann klifrast þá ofan hamrana og sér í þeim helli mjög stóran. Þar gengur hann inn og sér Búkollu bundna undir bálki í hellinum. Hann leysir hana undireins og leiðir hana út á eftir sér og heldur heimleiðis.

Þegar hann er kominn nokkuð á veg sér hann hvar kemur ógnarstór tröllskessa á eftir sér og önnur minni með henni. Hann sér að stóra skessan er svo stórstíg að hún muni undir eins ná sér. Þá segir hann:

„Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?“

Hún segir:

„Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina.“

Hann gerir það. Þá segir kýrin við hárið:

„Legg ég á og mæli um að þú verðir að svo stórri móðu að enginn komist yfir nema fuglinn fljúgandi.“

Í sama bili varð hárið að ógnarstórri móðu.

Þegar skessan kom að móðunni, segir hún:

„Ekki skal þér þetta duga, strákur.“

„Skrepptu heim, stelpa,“ segir hún við minni skessuna, „og sæktu stóra nautið hans föður míns.“

Stelpan fer og kemur með ógnarstórt naut. Nautið drakk undireins upp alla móðuna.

Þá sér karlsson að skessan muni þegar ná sér því hún var svo stórstíg.

Þá segir hann:

„Hvað eigum við nú að gera, Búkolla mín?“

„Taktu hár úr hala mínum og leggðu það á jörðina,“ segir hún.

Hann gerir það. Þá segir Búkolla við hárið:

„Legg ég á og mæli svo um að þú verðir að svo stóru báli að enginn komist yfir nema fuglinn fljúgandi.“

Og undireins varð hárið að báli.

Þegar skessan kom að bálinu, segir hún:

„Ekki skal þér þetta duga, strákur. Farðu og sæktu stóra nautið hans föður míns, stelpa,“ segir hún við minni skessuna. Hún fer og kemur með nautið. En nautið meig þá öllu vatninu sem það drakk úr móðunni og slökkti bálið.

Nú sér karlsson að skessan muni strax ná sér því hún var svo stórstíg.